

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 23. desember 1992

um aðferðir við dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum frá þriðju löndum á tollfrjálsum svæðum og í tollfrjálsum vörugueymslum, tollvörugueymslum og við flutning frá einu þriðja landi til annars um svæði bandalagsins

(93/14/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 92/438/EBE ⁽²⁾, einkum 5., 6., 7. og 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/13/EBE voru settar reglur um dýraheilbrigðiseftirlit á skoðunarstöðvum bandalagsins á landamærum með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽³⁾.

Til viðbótar þessum reglum ber að setja skilyrði vegna eftirlits með afurðum sem á að geyma í tollfrjálsum vörugueymslum, á tollfrjálsum svæðum eða í tollvörugueymslum.

Þessi skilyrði skulu einkum tryggja framhaldseftirlit, við geymslu og flutning, með afurðum sem uppfylla ekki kröfur samkvæmt löggjöf bandalagsins eða, ef við á, innlendri löggjöf.

Enn fremur ber að ákveða umfang eftirlits með vörum í umflutningi um yfirráðasvæði bandalagsins.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr:

1. Með fyrirvara um ákvæði ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 92/571/EBE frá 15. desember 1992 um ný

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 243, 25. 8. 1992, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 9, 15. 1. 1993, bls. 33.

bráðabirgðaákvæði sem eru nauðsynleg til að auðveldara verði að fara yfir í það skipulag dýraheilbrigðiseftirlits sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 90/675/EBE skulu afurðir frá þriðju löndum sem eru fluttar inn til bandalagsins til viðtökustaðar sem er tollfrjálst svæði, tollfrjálst vörugueymsla eða eiga að fara í tollvörugueymslu samkvæmt reglum um starfrækslu tollvörugueymslna eða reglum um tímabundna vörugueymslu:

— heyra undir eftirlitið sem mælt er fyrir um í 4. og 8. gr. tilskipunar 90/675/EBE að því er varðar samhæfðar afurðir,

— heyra undir eftirlitið sem mælt er fyrir um í 4. og 11. gr. tilskipunar 90/675/EBE að því er varðar afurðir sem ekki hafa verið samhæfðar.

2. Í báðum tilvikum afhendir opinberi dýralæknirinn skjal, sem byggist á viðauka B við ákvörðun 93/13/EBE, sem staðfestir að eftirlitið sem um getur í 1. mgr. ⁽⁴⁾ hafi verið haft með afurðunum.

3. Flutningur afurðanna til þess viðtökustaðar sem um getur í 1. mgr. og flutningur frá einni vörugueymslu til annarrar skal eiga sér stað samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

a) flutningurinn skal fara fram undir toleftirliti með flutningatæki sem lögbært yfirvald hefur innsiglað;

b) lögbæra yfirvaldið sem heimilar flutninginn skal tilkynna lögbæru yfirvaldi vörugueymslunnar sem er viðtökustaður um flutninginn um Animo-netkerfið eða, uns netkerfið hefur verið tekið í notkun, um annað gagnaflutningskerfi;

c) skjal, samkvæmt fyrirmynd í viðauka B við ákvörðun 93/13/EBE, sem staðfestir að eftirlitinu í tilskipun 90/675/EBE hafi verið fullnægt skal fylgja afurðunum ásamt löggiltu eintaki af upprunalegum dýraheilbrigðisvottorðum eða -skjólum fyrir afurðirnar. Ef um er að ræða flutning frá einni vörugueymslu til annarrar skal gefa út skjal, samkvæmt fyrirmyndinni í viðauka B við ákvörðun 93/13/EBE, á grundvelli skjalanna sem fylgja með vörusendingunni í vörugueymsluna og á grundvelli dýraheilbrigðiseftirlitsins sem fer fram með afurðunum í vörugueymslunni, í samræmi við 5. og 6. gr. tilskipunar ráðsins 90/675/EBE.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 367, 16. 12. 1992, bls. 36.

2. gr.

1. Vörugæmslunnar sem eru tilnefndar í samræmi við 6. gr. tilskipunar 90/675/EBE skulu uppfylla að minnsta kosti eftirfarandi skilyrði:

- lágmarkskröfur sem mælt er fyrir um í löggjöf bandalagsins að því er varðar vörugæmslur þar sem viðkomandi afurðir eru geymdar eða, ef ekki er um slíka löggjöf bandalagsins að ræða, í innlendri löggjöf,
- vera undir stöðugu eftirliti lögbærs yfirvalds,
- færa skal dagbók yfir allar afurðir sem eru fluttar til eða frá vörugæmslunni,
- viðeigandi vinnusalir skulu fráteknir fyrir lögbæru yfirvöldin sem annast dýraheilbrigðiseftirlitið.

2. Lögbært yfirvald skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir:

- til að hafa eftirlit með því að skilyrði fyrstu málsgreinar séu haldin,
- til að tryggja skilvirkt eftirlit með flutningi í og úr vörugæmslum,
- til að viðhafa allt eftirlit sem er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að afurðirnar sem eru í vörugæmslunum spillist eða aðrar séu settar í þeirra stað.

3. gr.

Með því að víkja frá 1. gr. þessarar ákvörðunar geta aðildarríkin, í samræmi við 7. gr. tilskipunar 90/675/EBE, heimilað innflutning til yfirráðasvæða sinna á afurðum sem samræmast ekki kröfum samkvæmt löggjöf bandalagsins, eða samkvæmt innlendri löggjöf ef reglur um viðskipti með afurðirnar hafa ekki verið samhæfðar, til geymslu á tollfrjálsum svæðum eða í tollfrjálstri vörugæmslu. Í því tilviki gilda, auk þeirra krafna sem um getur í 7. gr. tilskipunar 90/675/EBE, eftirfarandi kröfur:

- a) lögbært yfirvald skoðunarstöðvar á landamærum, þar sem fluttar eru inn afurðir frá þriðja landi, skal ganga úr skugga um að í raun og veru sé áformað að endursenda afurðirnar til þriðja lands að geymslu lokinni;
- b) afurðirnar skal geyma í öðru rými en afurðir sem eiga að fara í frjálssa dreifingu á yfirráðasvæði bandalagsins;
- c) ekki skal meðhöndla afurðirnar að öðru leyti en nauðsyn ber til vegna geymslu á þeim eða skiptingar vörusendingar án þess að upprunalegu umbúðunum sé breytt;

d) flutningur þessara afurða á tollfrjálst svæði eða í tollfrjálssa vörugæmslu sem er viðtökustaður eða frá tollfrjálssu svæði eða tollfrjálstri vörugæmslu til annars tollfrjálss svæðis eða tollfrjálstrar vörugæmslu heyrir undir eftirfarandi skilyrði:

- innflytjandinn skal færa sönnur á að lögbært yfirvald tollfrjálssu vörugæmslunnar eða tollfrjálssa svæðisins á viðtökustað sé ekki mótfallið innflutningi þessara afurða,
- lögbært yfirvald skoðunarstöðvar á landamærum þar sem afurðirnar eru fluttar inn frá þriðju löndum eða lögbært yfirvald tollfrjálstrar vörugæmslu eða tollfrjálss svæðis sem afurðirnar eru sendar frá skal tilgreina á dýraheilbrigðisvottorðunum eða dýraheilbrigðisskjölunum að afurðirnar hafi verið afgreiddar þar eða geymdar,
- flutningur skal fara fram undir tolleftirliti með lekaþétu flutningataeki sem lögbært yfirvald hefur auðkennt og innsiglað með þeim hætti að innsiglin rofna um leið og gámurinn er opnaður,
- lögbæra yfirvaldið sem heimilar flutninginn skal tilkynna lögbæru yfirvaldi tollfrjálssa svæðisins eða tollfrjálssu vörugæmslunnar sem er viðtökustaður um flutninginn um Animo-netkerfið eða, uns netkerfið kemur til framkvæmda, um annað gagnaflutningskerfi,
- lögbæra yfirvaldið ber ábyrgð á því að landflutningataeki sem eru notuð séu þrífín og sóthreinsuð áður en þau eru notuð aftur til annarra flutninga,
- lögbært yfirvald tollfrjálssa svæðisins eða tollfrjálssu vörugæmslunnar sem er sendingarstaður og lögbært yfirvald tollfrjálssa svæðisins eða tollfrjálssu vörugæmslunnar sem er viðtökustaður skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að heilsu dýra eða manna sé stofnað í hættu við flutning, geymslu eða skiptingu vörusendingar,

— með afurðunum skulu fylgja upprunalegu dýraheilbrigðisvottorðin eða -skjölin;

e) lögbært yfirvald skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir:

- til að tryggja skilvirkt eftirlit með flutningi til og frá tollfrjálsum vörugæmslum og tollfrjálsum svæðum,
- til að viðhafa allt nauðsynlegt eftirlit til að koma í veg fyrir að afurðirnar sem eru í vörugæmslunum spillist eða aðrar séu settar í þeirra stað.

4. gr.

1. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að sannprófa skjöl með slembiathugun á afurðum um borð í flugvélum eða skipum sem hafa viðkomu á svæði bandalagsins á leiðinni milli tveggja þriðju landa.

2. Ef umferming afurða sem um getur í fyrstu málsgrein á sér stað úr einni flugvél í aðra eða úr einu skipi í annað skal tilkynna það til lögbærs yfirvalds sem getur sannprófað skjölin sem fylgja umfermdu afurðunum.

3. Ef afurðirnar sem um getur í 1. mgr. eru affermdar og settar í geymslu á komustað til bráðabirgða með það í huga að þær verði sendar áfram til fyrirfram ákveðins þriðja lands, skal lögbært yfirvald gera eftirfarandi ráðstafanir:

- a) sannprófa skjöl og auðkenni afurðanna;
- b) tilkynna hlutaðeigandi að hann sé skuldbundinn til að senda afurðirnar, innan tiltekinna tímamarka og með tilteknu flutningatæki, til þriðja landsins sem ákveðið var fyrirfram;
- c) viðhafa eftirlit, sbr. 1. mgr. 1. gr. þessarar ákvörðunar, með afurðunum hafi þær ekki verið endursendar innan tiltekinna tímamarka til þriðja landsins sem ákveðið var fyrirfram ;
- d) gera allar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að afurðirnar spillist á geymslutímanum eða aðrar séu settar í þeirra stað.

4. Í öllum tilvikum sem um getur í þessari grein skulu upprunalegu dýraheilbrigðisvottorðin eða -skjölin fylgja með afurðunum sem eru sendar til þriðja landsins.

5. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að brot á ákvæðum þessarar ákvörðunar, einkum 3. og 4. gr., hafi í för með sér áhrifaríkar, hæfilega þungar og fyrirbyggjandi refsiaðgerðir gagnvart þeim einstaklingi eða lögaðila sem ber ábyrgðina.

6. gr.

Með fyrirvara um reglur bandalagsins um heilbrigði dýra geta aðildarríkin, með tilvísun til innlendra reglna, heimilað innflutning á sendingum dýraafurða inn á yfirráðasvæði sitt fyrir sýningar eða kaupstefnur.

Aðildarríki sem heimila innflutning slíkra sendinga skulu gera haldgóðar ráðstafanir til að tryggja að afurðunum sé fargað eða þær endursendar til upprunalega þriðja landsins um leið og sýningunni eða kaupstefnunni lýkur.

7. gr.

Til að unnt sé að taka mið af þeirri reynslu sem fengist hefur skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu fyrir 31. desember 1993.

8. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. janúar 1993.

9. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. desember 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.